

Suðurnesjabær
Skipulags- og umhverfissvið
Sunnubraut 4
250 Garður

Garðabær, 12. apríl 2022
Málsnúmer: 202203-0045
SS

Efni: Umsögn um vinnslutillögu vegna Aðalskipulags Suðurnesjabæjar 2022-2034.

Vísað er til tölvupósts frá skipulagi – og umhverfissviði Suðurnesjabæjar, dags. 22. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu vegna Aðalskipulags Suðurnesjabæjar 2022-2034.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna heildarendurskoðunar aðalskipulags Suðurnesjabæjar þann 30. mars 2021. Í umsögninni kom Náttúrufræðistofnun á framfæri almennum ábendingum um hvernig ákvæði í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 eru leiðbeinandi fyrir stjórnvöld um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja og bent var á hvernig skipulagsáætlanir geta samræmst almennum markmiðum náttúruverndarlaga. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt við heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélaga að mótuð sé stefna um hvernig tryggt sé að stuðla að verndun náttúruvæðingara og -minja með hátt verndargildi og greint sé hvernig önnur áform skipulagsins hafi mögulega áhrif á framkvæmd náttúruverndar. Þá eigi allar ákvarðanir að byggja á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvernd. Var vísað í nýlegar upplýsingar, kortasjár og skýrslur o.fl. á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar.

Í umsögninni var sérstaklega bent á að á Miðnesheiði stór hluti strandlengju sveitarfélagsins eru skilgreind sem mikilvæg fuglasvæði og að Náttúrufræðistofnun hafi árið 2018 tilnefnt alstórt svæði, Kalmanstjörn-Garðskaga, sem tillögu að verndarsvæði fyrir væntanlegan B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða og búsvæða fugla. Sjá staðreyndarsíðu um Kalmanstjörn-Garðskaga <https://www.ni.is/greinar/su-kalmanstjorn-gardskagi>.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér vinnslutillöguna og með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagstillögunnar er að stuðla að varðveislu náttúru- og menningarminja og landslags sem hefur verndargildi og að nýting náttúruauðlinda verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði kappkostað að varðveita fjölbreytni og hreinleika náttúrunnar. Einnig að lögð sé áhersla á náttúruverndarsjónarmið við skipulag strandsvæða. Náttúrufræðistofnun fagnar þessum markmiðum og telur að þau séu að stærstum hluta endurspegluð í umfjöllun og ákvarðanatöku um þær helstu breytingar sem lagt er til að verði á landnotkun. Skýrlega er greint frá náttúruverndarsvæðum á mynd 11, m.a. tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár. Þá er greint frá sérstakri vernd á mynd 12. Stefnt er að því að uppfylla markmið um verndun náttúru með samráði við stofnanir um uppbyggingu á strandlengjunni og að viðhalda svæðum á náttúruminjaskrá. Þá verður



hverfisvernd beitt áfram en afmörkun hverfisverndar vegna náttúruverndar í aðalatriðum hin sama og nær yfir mest allt af B-tillögunni.

Stefnt er að því að þróun byggðar beinist að því að tengja þéttbýliskjarna í Garði og Sandgerði með því að brjóta nýtt land undir byggð. Í umhverfisskýrslu er þessi stefna talin hafa áhrif á mikilvæg fuglasvæði sem og gróið land sem er þó einkum mos- og mólendi en eitthvað graslendi einnig. Mikilvæga fuglasvæðið sem vísað er í er Rosmhvalanes (<http://www.ni.is/node/14446>) en svæðið nær yfir Miðnesheiði og nágrenni hennar og er skilgreint vegna þess að þar er langstærsta sílamáfsvarp landsins. Varpið hefur minnkað undanfarið en er þó alstórt. Áætluð íbúabyggð er staðsett utarlega í þessu mikilvæga fuglasvæði norðan og vestan við Skipphól og Dagmálahóla og sunnan og austan við Garðskagaveg. Einnig er stefnt að uppbyggingu á íþróttasvæði sunnan við íbúabyggðina. Máfavarp sunnan við Garðskaga nálægt uppbyggingarreit er enn töluvert miðað við nýlegar athuganir, en það teygir sig einnig yfir í mólendið nálægt Kolbeinsstöðum og Ásgarði til móts við áætlað uppbyggingarsvæði. Æskilegt væri að kanna sérstaklega hvort þéttleiki máfavarpsins á áætluðum uppbyggingarreitum sé hlutfallslega mikill eða lítil miðað við heildarvarpið.

Ný íbúabyggð (ÍB-12) er áætluð austan við Sandgerðistjörn og þar þarf að gæta að búsvæðum fugla við tjörnina sé ekki raskað að óþarfa. Skynsamlegt væri að gera könnun á fuglavarpi næst áætluðum íbúareit.

Þrír nýir áfangastaðir ferðamanna eru skilgreindir sunnan Hvalsness og frá Stafnesi austur með ströndinni. Þá á sérstaklega að skoða möguleika til miðlunar um hið einstaka lífríki strandsvæðanna t.d. í samstarfi við rannsóknar- og þekkingarsetur. Sérstök áhersla lögð á aðstöðu til fuglaskoðunar og miðlunar upplýsinga. Þetta er mjög jákvæð áhersla að mati Náttúrufræðistofnunar en gæta þarf þess að öll uppbygging innviða fyrir ferðaþjónustu sé hófsöm og valdi ekki raski á viðkvæmum fjörubúsvæðum. Einnig ber að huga hvort þörf sé á stýringu ferðafólks til að komast hjá að umferð þeirra trufla t.d. fugla á varptíma.

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir uppbyggingu heilsulindar/baðlóns við Garðskaga undir landnotkunarflokknum Verslun og þjónusta: VP-15. „Svæði fyrir byggingu heilsulindar eða baðlóns með búningsaðstöðu, veitingastöðu og bílastæði. Stærð heilsulindar er um 1400 m² með stækkunarmöguleika upp á um 2500 m². Þar er einnig gert ráð fyrir útisvæði er um 300 m² og lóð um 10.000 m².“

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013-2020 er varðar uppbyggingu baðlónsins, þann 1. september 2022. Í þeirri umsögn lýsir Náttúrufræðistofnun yfir vissum áhyggjum um þessa uppbyggingu en í umsögninni segir m.a. „Öll uppbygging á svæðinu getur truflað lífríki svæðisins og forðast skal að raska fjörusvæðunum með einu eða öðru móti. Hingað til hefur ferðaþjónusta á svæðinu verið hófstíll og ekki falið í sér mikla mannvirkjagerð og hlíft fjörunni við raski að nær öllu leyti. Uppbygging heilsulindar næst fjörunni er stefnubreyting varðandi notkun og eðli svæðisins sem að mati Náttúrufræðistofnunar hæfir svæðinu frekar illa og getur mögulega ógnað náttúru svæðisins. Útfærslur á heilsulindinni eru ekki til

staðar í lýsingu að aðalskipulagsbreytingu og telur Náttúrufræðistofnun grundvallaratriði að meiri upplýsingar komi fram, við áframhaldandi vinnu við skipulagsbreytinguna, um stærð og eðli mannvirkja þeirra sem stefnt er að því að reisa, hvernig heitu vatni verður miðlað til og frá svæðinu og hvort og hvernig röskun verður á sjálfri fjörunni. Miðað við mynd 6 sem sýnir „hugmynd að heilsulind“ er um stórt mannvirki að ræða mjög nálægt fjörusvæðinu og einnig er ekki ólíklegt að gert sé ráð fyrir beinu aðgengi ofan í fjöruna.“ Ekki hefur verið lokið við þessa aðalskipulagsbreytingu en þessi umsögn Náttúrufræðistofnunar á enn við.

Stefnt er að stækkun hafnarsvæðis í Sandgerði. Huga þarf að áhrifum stækkunar á mikilvæg fjörubúsvæði í og við hafnarsvæðið. Þar eru t.d. mikilvægir viðkomustaðir farfugla og vetrardvalarstöðvar fjöruspóa sem er sjaldgæfur vetrargestur hér á landi.

Kanna á möguleika á virkjun vindorku í Suðurnesjabæ. Engin svæði hafa verið afmörkuð sérstaklega fyrir þetta. Að mati Náttúrufræðistofnunar fer uppbygging vindorku ekki sérlega vel saman með nálægð við mikilvæg búsvæði fugla á verndarsvæðum meðfram strandlínunni né með varpi máfa á Miðnesheiði.

Stefnt er að áframhaldandi skógrækt austan og norðan við Sandgerði og á fleiri stöðum. Meta þarf hvort áform um skógrækt hafi neikvæð áhrif á varp mófugla og á vistgerðir með hátt verndargildi.

Stefnt er að byggingu skólpadælustöðvar norðan hafnar á Sandgerði. Gæta þarf að áhrifum framkvæmdarinnar á verðmæt fjörusvæði en að öðru leyti er þetta mjög jákvæð aðgerð þar sem mjög mikilvægt er að fráveitumál séu eins og best sé á kosið í nágrenni við lífauðug fjörusvæði.

Hugmyndir um ofanbyggðarveg í Garði munu valda raski, en ekki á viðkvæmu gróðurlendi að mati Náttúrufræðistofnunar. Þær gætu hins vegar raskað varpi máfa og fleiri fugla og það ætti að skoða betur í undirbúningi framkvæmdar.

Vanda þarf hönnun og val á legu hjóla- og göngustíga við strandlínu mjög þ.a. ekki sé raskað verðmætum fjöruvistgerðum og forðast skal að hafa stíga of nálægt varp- og dvalarstöðum fugla. Jákvætt er að í kafla um útivist að fjallað sé um myrkurgæði. Það er ekki síður mikilvægt fyrir lífríki. Forðast skal of mikla lýsingu á stígum meðfram ströndinni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagstillöguna en leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs